

Mál nr. 299/2016
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar og
ábyrgðartryggingar húseigenda hjá B.

Krafa um bætur vegna myglusvepps sem olli veikindum áramótin 2011-2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9.9.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-12.
2. Bréf V dags. 29.9.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M tók íbúð á leigu hjá B og flutti þangað í ágúst 2011. M segir að fljótlega hafi farið að bera á líkamlegum einkennum hjá honum og talið að þau stafaði af völdum myglusvepps og hafi myglusveppurinn verið greindur og í kjölfarið hafi farið fram úrbætur af hálfu B, en ekki hafi dregið úr líkamlegum einkennum M og þau orðið sífellt verri. M telur að B hafi ekki ráðist í nægjanlegar aðgerðir og beri bótaábyrgð á líkamlegu tjóni M. M vísar til niðurstöðu Stefáns Eggertssonar háls-nef- og eyrnalæknis um að líkamleg einkenni M stafi af ýmsum tilbrigðum myglusvepps. M telur að B beri fulla ábyrgð á þeim líkamlegu einkennum vegna annmarka á hinu leigða. V hafnar bótaskyldu og segir að mygla eins og sú sem greindist í leiguhúsnæði M myndist ekki nema af langvarandi raka eða vatnsleka og því taki tryggingin ekki til meints tjóns M, en jafnvel þó að tilvikið félli undir ábyrgðarlið fasteignatryggingar B þá væri ekki um skaðabótaábyrgð B að ræða og vísar til úttektar við kaup á fasteigninni og síðar við leigu M. B hafi fyrst fengið tilkynningu um hugsanlegan raka eða myglu með tölvupósti þ. 18.12.2012 og hafi íbúðin verið skoðuð þ. 27.12.2012 og síðan ráðist í viðgerðir eftir frekari skoðun þ. 7.1.2013 og viðgerðir á húsinu og íbúðinni verið unnar skv. ráðleggingum aðilans sem greindi mygluna. B segir að þegar félagið hafi þ. 8.4.2015 fengið tilkynningu um veikindi M, sem hugsanlega mætti rekja til raka í íbúðinni hafi verið staðreynt að engin raki væri í íbúðinni. Við úttekt þegar nýr íbúi leigði íbúðina þ.16.10.2014 hafi ekkert komið í ljós varðandi raka eða myglu. V segir að B hafi því brugðist við með þeim hætti sem hægt var að ætlast til af B og framkvæmt nauðsynlegar lagfæringar. B hafi því gert allt til að koma í veg fyrir tjón um leið og vitneskja barst til þeirra.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að B brást við um leið og félagið fékk tilkynningu frá M um að mygla gæti verið í íbúðinni sem M leigði af B. Fyrir liggur að B lét framkvæma viðgerðir á íbúðinni með faglegum hætti í samræmi við ráðleggingar fagaðila sem greindi mygluna. Ekki er hlutlæg ábyrgð á tjóni skv. fasteignatryggingu B hjá V og ekki hefur verið sýnt fram á það í málinu að B hafi ekki brugðist við með þeim hætti sem hægt var að gera kröfu til hvað varðar leigusala eða sýnt af sér sök þannig að leiddi til ábyrgðar B í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu og ábyrgðartryggingu húseigenda, B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu og ábyrgðartryggingu húseigenda, B hjá V.

Reykjavík 17.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.